



Menningarsjóður Gunnarsstofnunar
Gunnar Gunnarsson Culture Fund

ÚTHLUTUNARREGLUR

1. Samkvæmt skipulagsskrá er tilgangur sjóðsins tvíþættur: annars vegar að renna stoðum undir starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri með árlegum framlögum til hennar; hins vegar að styðja rithöfunda, listamenn, fræðimenn og námsfólk til verka er samræmast hlutverki Gunnarsstofnunar. Með þeim hætti er sjóðnum ætlað að efla menningarstarf á Skriðuklaustri og styrkja ímynd Gunnarsstofnunar sem menningarstofnunar.

Hlutverk Stofnunar Gunnars Gunnarssonar er skv. skipulagsskrá hennar:

- i. Að annast uppbyggingu og rekstur menningar- og fræðaseturs að Skriðuklaustri í Fljótsdal.
 - ii. Að stunda fræðastarfsemi á sviði hugvísinda og leggja rækt við bókmenntir með áherslu á ritverk og ævi Gunnars Gunnarssonar.
 - iii. Að reka dvalarstað fyrir lista- og fræðimenn og standa fyrir sýningum og öðrum listviðburðum.
 - iv. Að stuðla að atvinnuþróun á Austurlandi og efla rannsóknir á austfirskum fræðum.
 - v. Að sinna alþjóðlegum menningartengslum og standa vörð um hugsjónir Gunnars Gunnarssonar.
2. Stjórn sjóðsins ákveður áherslur við styrkúthlutun á hverju ári og skulu þær koma fram í auglýsingum og annarri kynningu á styrkumsóknum hverju sinni.
 3. Umsækjendur geta verið lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög.
 4. Æskilegt er að umsækjendur geti sýnt fram á fleiri fjárhagslega bakhjarla en Menningarsjóð Gunnarsstofnunar. Miðað skal við að styrkir séu ekki hærri fjárhæð en sem nemur helmingi alls kostnaðar, þ.e. 50% af kostnaði við verkefnið.
 5. Með umsókninni verður að fylgja greinargóð lýsing á verkefninu með verkáætlun og tímasetningum, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um aðstandendur. Umsóknum skal skilað rafrænt á þar til gerðu eyðublaði. Mikilvægt er að umsóknir séu rétt útfylltar og öll skilyrði uppfyllt, að öðrum kosti verður umsókn hafnað. Matsviðmið stjórnar skulu vera aðgengileg umsækjendum á heimasíðu.
 6. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, sem og öðrum þáttum verkefnisins.
 7. Menningarsjóður Gunnarsstofnunar og styrkþegi gera með sér sérstakan samning sem m.a. kveður á um gagnkvæmar skyldur, fyrirkomulag greiðslu, lokaskýrslu og eftirfylgni. Miðað skal við að styrkir 200 þús. kr. eða lægri séu greiddir í einu lagi þegar styrkþegi getur sýnt fram á að það sé hafið. Hærri styrkir eru greiddir í tveimur greiðslum og seinni greiðsla ekki innt af hendi fyrr en lokaskýrslu hefur verið skilað.
 8. Styrkþegi skal skila lokaskýrslu um framkvæmd og árangur verkefnisins innan þriggja mánaða frá lokum þess. Að öðru leyti ber styrkþega að veita sjóðnum upplýsingar um framvindu verkefnisins þegar eftir því er leitað.
 9. Að öllu jöfnu eru ekki styrkt verkefni sem eru hafin þegar til úthlutunar kemur. Verkefnum sem hljóta styrki þarf að vera lokið innan árs frá styrkúthlutun nema rök séu fyrir öðru.
 10. Umsóknir þurfa að vera á eyðublaðum frá sjóðnum og skal skilað ásamt fylgigögnum eigi síðar en á lokadegi auglýsts umsóknarfrest á netfangið menningarsjodur@skriduklaustur.is.

Endurskoðað og samþykkt af stjórn sjóðsins 2. mars 2022.